




Varðar: Fannafold 159, (fsp) fjarlægja kantstein við innkeyrslu

Skoðuð er fyrirspurn Halldóru Þuríðar Halldórsdóttur, dags. 30. júní 2023, um að fjarlægja kantstein gangstéttar, breikka innkeyrslu og fjölga bílastæðum á lóð nr. 159 við Fannafold, skv. meðfylgjandi skissumynd.



Skyssumynd af fyrirhugaðri breytingu



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Skipulagsleg staða:

Lóðin er á íbúðarsvæði (ÍB49) samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Í gildi deiliskipulag fyrir Foldahverfi 4. og 5. áfanga, samþ. 27.11.1984 með síðari breytingum.

Umsögn:

Í greinargerð sem fylgir gildandi deiliskipulagi kemur fram að gert er ráð fyrir 2 bílastæðum á lóð.

1.1.4. Bílastæði, bílageymslur.

Gert er ráð fyrir tveim einkabílastæðum á lóð hvernar íbúðar í einbýlis- og raðhúsum á svæðinu. Nægilegt er að gera ráð fyrir einu bílastæði fyrir hverja aukaíbúð í einbýlishúsum. Gestabílastæði eru áætluð u.þ.b. hálf tveimur fyrir hverja íbúð utan lóðar. Gert er ráð fyrir 1.0 einkabílastæðum á hverja íbúð í blokk, einnig 0.5 stæði á íbúð í bílageymslu.

Pegar núverandi aðstæður eru skoðaðar í vefsíðu má sjá að margir lóðarhafar hafa hellulagt lóðarluta framan við hús svo rúmi fleiri en 2 bílastæði á lóðum sínum og svo virðist sem sum staðar hafi innkeyrslur verið breikkaðar þótt ekki sé að finna í málaskrá Reykjavíkurborgar að heimild hafi verið veitt fyrir því.

Niðurstaða:

Breikkun innkeyrslu og fjölgun bílastæða á lóð samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.

F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri.